



## Fundargerð

387. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 17. september 2015. Þetta er 9. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll, í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista. Guðmundur Ingi Ingason boðar einnig forföll og í hans stað mætir Sverrir Gíslason 1. varamaður Ó-lista.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

1. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

17. Breyting á aðalmanni í skipulagsnefnd fyrir D-lista.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum.

*Eirný Valsdóttir átti fund með formanni stjórnar Rarik þar sem lögð var fram ósk sveitarfélagsins um lagningu þriggja fasa rafmagns samhliða ljósleiðara um Skaftárhrepp.*

*Í framhaldi af fundi sveitarstjórnarmanna með Bjarna Reynarssyni í lok ágúst voru hagsmunaaðilar kallaðir til samráðsfundar þann 11. september s.l. Á fundinum kom fram skýr vilji fundarmanna um að á Kirkjubæjarklaustri rísi þekkingarsetur af þeirri fyrirmynd sem unnið hefur verið að síðustu ár. Sveitarstjóri vann samantekt frá fundinum fyrir Bjarna sem mun svo skila inn minnisblaði með tillögum um framhald verkefnisins til umhverfissráðherra í lok september. Sveitarstjóri og oddviti fóru á fund Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra í síðasta mánuði þar sem m.a. var farið yfir málefni Skaftár og lagningu ljósleiðara. Sveitarstjóri og oddviti hafa óskað eftir fundi með Eygló Harðardóttur ráðherra húsnæðismála vegna þess vanda sem landsbyggðin stendur frammi fyrir hvað varðar nýbyggingar. Komið er fundarboð frá fjárlaganefnd og munu sveitarstjóri og oddviti senda inn ósk um fund fyrir Skaftárhrepp. Framundan er vinna vegna fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2016-2019. Haft var samband við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna kosningu oddvita og varaoddvita. Í framhaldi af kosningu varaoddvita í mars 2016 verður oddviti kosin svo ekki þurfi að kjósa tvisvar á ári fram að næstu kosningum.*

## Dagskrá

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Bréf frá landeiganda Hraunbóls dags. 14.08.2015

*Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið. Skaftárhreppur hefur ekki í hyggju að hafna fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu. Sveitarstjóra og skipulags- og bygginarfulltrúa falið að svara erindi bréfitara.*

2. Þátttaka í verkefninu „Að sunnan“.

*Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu.*

BV



3. Tilnefning Skaftárhrepps á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

*Sveitarstjóri mætir á aðalfundinn fyrir hönd Skaftárhrepps.*

4. Reglur um fjárhagsaðstoð til staðfestingar.

*Sveitarstjórn staðfestir reglurnar.*

5. Reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis til staðfestingar.

*Sveitarstjórn staðfestir reglurnar*

6. Skipun fulltrúa í vinnuhóp „Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu“.

*Sveitarstjórn tilnefnir Auðbjörgu Bjarnadóttur formann fræðslunefndar.*

7. Þjóðarsáttmáli um læsi – samningur ríkis og sveitarfélaga til staðfestingar.

*Sveitarstjórn tekur sáttmálanum fagnandi og telur brýnt að unnið verði markvisst að því auka læsi ungs fólks í Skaftárhreppi.*

8. Tilboð vegna vinnustaðaúttektar

*Sveitarstjórn samþykkir tilboð A frá Vinnuvernd. Sveitarstjórn telur mikilvægt að hlúa að starfsfólki sveitarfélagsins og unnið sé að aukinni starfsánægju.*

9. Nýting neðri hæðar Klausturhóla

*Sveitarstjórn samþykkir ósk rekstrarnefndar um að fá að byggja upp hýbili á neðri hæð Klausturhóla í ljósi brýnnar þarfar við að leysa húsnæðisvanda starfsfólks Klausturhóla. Jafnframt verði áfram unnið að varanlegri staðsetningu innan veggja Klausturhóla fyrir félagsstarf eldri borgara í samstarfi við stjórn félagsins.*

10. Vatnavextir í Skálm

*Borist hafa ábendingar frá íbúum í Álftaveri vegna mikilla vatnavaxta í Skálm. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að afla upplýsinga vegna málsins og koma á framfæri áhyggjum sveitarfélagsins til almannavarna og annarra viðeigandi aðila.*

11. Tilnefning Skaftárhrepps í starfshóp um málefni Skaftár.

*Sveitarstjórn tilnefnir Vigfús Þór Hróbjartsson skipulags- og bygginarfulltrúa og Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra fyrir Skaftárhrepp í starfshóp um málefni Skaftár. Þeim verði falið að vinna að því að starfshópurinn komi saman að nýju og kalla eftir viðbrögðum allra hagsmunaaðila í Skaftárhreppi.*

12. 8 mánaða staða Skaftárhrepps.

*8 mánaða fjárhagsstaða Skaftárhrepps kynnt. Rekstur sveitarfélagsins er samkvæmt áætlun*

13. Málefni Náttúrustofu Suðausturlands.

*BV*



Sveitarstjóra falið að útfæra samning með sveitarfélaginu Hornafirði með það að markmiði að auka sýnileika og skapa störf Náttúrustofu Suðausturlands í Skaftárhreppi.

## 14. Viðauki 2 vegna fjárhagsáætlunar 2015

Skýring	Upphæð	D:	K:
Styrkur vegna þátttöku Kristínar Lárusdóttu á heimsmeistaramóti N4 "Að sunnan"	150.000 kr.	0601-9991	handbært fé
Vegna vinnustaðagreiningar	250.000 kr.	2140-4913	handbært fé
	178.475 kr.	2140-4990	handbært fé
<b>Samtals</b>	<b>578.475 kr.</b>		

Yfirlit í samræmi við auglýsingu nr. 790/2001

nr	Málaflokkur	Skýring	Viðauki við fjárhagsáætlun			Samantekt allra viðauka.		
			RT - rekstrar tekjur þús.kr.	RÚ - rekstrar útgjöld þús.kr.	Samtals viðauki - RT-RÚ þús.kr.	Upphafleg áætlun Rekstrar-niðurstaða	Samtals viðaukar Rekstrar-niðurstaða	Fjárhagsáætlun m. viðaukum Rekstrar-niðurstaða
<b>A- hluti</b>								
00	Skatttekjur				0	-317.191	0	-317.191
02	Félagsþjónusta				0	17.303	0	17.303
03	Heilbrigðismál				0	0	0	0
04	Fræðslu- og uppeldismál				0	155.676	1.657	157.333
05	Menningarmál			0	0	15.677	0	15.677
06	Æskulýðs- og íþróttamál			150	150	58.946	561	59.507
07	Brunamál og almannavarnir				0	4.887	0	4.887
08	Hreinlætismál				0	19.417	0	19.417
09	Skipulags- og byggingarmál				0	5.977	0	5.977
10	Umferðar og samgöngumál				0	3.480	0	3.480
11	Umhverfismál				0	1.885	0	1.885
13	Atvinnumál				0	16.567	0	16.567
20	Framlög til B- hluta				0		0	0
21	Sameiginlegur kostnaður			428	428	31.843	1.335	33.178
22	Breyting líffeyrisskuldbindinga				0		0	0
27	Óvenjulegir liðir				0		0	0
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0	-7.921	0	-7.921
31	Eignasjóður				0	-24.125	1.740	-22.385
33	Þjónustumiðstöð				0	25.895	0	25.895
59	Aðrar A-hluta stofnanir				0		0	0
91	Millifærslur				0		0	0
<b>A - hluti</b>			<b>0</b>	<b>578</b>	<b>578</b>	<b>8.316</b>	<b>5.293</b>	<b>13.609</b>
<b>B- hluti</b>								
51	Íbúðir aldraðra			0	0	-1.069	0	-1.069
55	Leiguíbúðir				0	-1.646	250	-1.396
57	Félagslegar íbúðir				0	472	0	472
61	Fráveita				0	-2.976	0	-2.976
63	Sorþorka				0	-8.575	0	-8.575
<b>B - hluti</b>			<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>-13.794</b>	<b>250</b>	<b>-13.544</b>
<b>A - og B - hluti</b>			<b>0</b>	<b>578</b>	<b>578</b>	<b>-5.478</b>	<b>5.543</b>	<b>65</b>

### Rekstur

Útfærð ákvörðun hvernig viðauka er mætt.

nr.	Aðgerð	Skýring	Samt. Þús.kr
	Handbært fé		578

Viðauki samþykktur

BV



15. Stofnskrá SSKS – breytingar 2015.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögur á breytingum á stofnskrá SSKS*

16. Breyting varamanns D-lista í sveitarstjórn Skaftárhrepps

*Rannveig Bjarnadóttir kemur inn sem varamaður D-lista í sveitarstjórn Skaftárhrepps fyrir Eyrúnu Elvarsdóttur sem flutti úr sveitarfélaginu í júní s.l. Kjörstjórn falið að útbúa kjörbréf. Sveitarstjórn þakkar Eyrúnu Elvarsdóttur störf í þágu sveitarfélagsins.*

17. Breyting aðalmanns D-lista í skipulagsnefnd.

*Bjarki Guðnason D-lista kemur inn sem aðalmaður í skipulagsnefnd í stað Páls Jónssonar D-lista. Sveitarstjórn þakkar Páli Jónssyni störf í þágu sveitarfélagsins.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 106. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla. 08.09.2015. *Fundargerð samþykkt*

2. 139. fundur fræðslunefndar 14.09.2015

### Fræðslunefnd

1. Erindi sem hafa borist

- Beiðni frá mötuneyti Kirkjubæjarskóla varðandi gjaldskrá og reglur mötuneytis. Fræðslunefnd leggur til minniháttar breytingar, sjá meðfylgjandi skjal.

*Sveitarstjórn samþykkir breytingartillögu fræðslunefndar og felur sveitarstjóra að breyta reglum mötuneytis í samræmi við tillöguna.*

2. Málefni tónlistarskóla

- Tónlistarskólustjóri hefur sagt upp störfum af persónulegum ástæðum. Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að staða tónlistarskólustjóra verði auglýst sem fyrst.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa eftir tónlistarskólustjóra í samráði við formann fræðslunefndar.*

3. Önnur mál

- Fræðslunefnd vill vekja athygli á heilsuvikum sem víða eru haldnar af sveitarfélögum og hafa gefið góða raun. Hvetur fræðslunefnd sveitarstjórn til að hrinda slíku átaki í framkvæmd, jafnvel í samvinnu við hin ýmsu fyrirtæki og félög s.s. ungmennafélög í hreppnum.

*Sveitarstjórn tekur vel í erindið og vísar málinu til æskulýðs- og íþróttanefndar til úrvinnslu.*

### Fræðslunefnd – Heilsuleikskólinn Kæríbær

3. Skýrsla frá leikskólaráðgjafa

- Skýrsla frá leikskólaráðgjafa Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu lögð fram, þ.e. skýrsla um innra mat vorið 2015. Leikskólustjóri kynni sjálfsmats og úrbótaáætlun. Nú þegar er hafin vinna við úrbætur á mörgum þáttum. Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn til að styðja við þær úrbætur sem nefndar eru í

BV





skýrslunni. Þess má geta að skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Heilsuleikskólans Kærabæjar. Leikskólastjóra er falið að upplýsa foreldra um að þessari vinnu sé lokið og að skýrslan sé aðgengileg öllum á heimasíðu leikskólans.

*Þegar hefur verið brugðist við mörgum af þeim athugasemdum sem koma fram í skýrslunni. Sveitarstjórn mun áfram vinna að úrbótum.*

## 5. Starfsmannamál

- Guðrún Sigurðardóttir var ráðin leikskólastjóri og tók til starfa 1. ágúst.

*Sveitarstjórn staðfestir ráðningu Guðrúnar Sigurðardóttur sem leikskólastjóra Heilsuleikskólans Kærabæjar og býður hana velkomna til starfa.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 27. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu 31.08.2015. *fundargerð kynnt.*
2. 497. fundur stjórnar SASS. 04.09.2015. *fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð aðalfundar Hulu bs. 02.09.2015. *fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð stjórnarfundar Hulu bs. 02.09.2015. *fundargerð kynnt.*
5. 14. fundur stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. 12.08.2015. *fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð símafundar Skaftárhreppur til framtíðar. 07.09.2015. *fundargerð kynnt.*

## IV. Annað kynningarefni.

1. Ársreikningur SSKS 2014. *Kynnt*

Næsti fundur er áætlaður 8. október n.k.

Fundargerð lesin upp og samþykkt


Fundi slitið 15:52

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Bjarki Guðnason

  
Jóna Björk Jónsdóttir

  
Jóhannes Gissurarson

  
Sverrir Gíslason